



Reykjavík, 17.nóvember 2014

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði mánudaginn 17.nóvember 2014 vegna dómarskýrslu frá Laufeyju Sigurðardóttur, dags. 10. nóvember 2014, þar sem tilkynnt var að lið ÍR-Gaura hefði ekki verið í samstæðum bolum í 6. umferð 3. deildar karla sem fram fór sama dag. Einn leikmanna liðsins, Guðjón Reyр Þorsteinsson, var í öðruvísi bol, þótt hann hafi verið merktur ÍR. Aðspurður sagði Guðjón að bolurinn sinn væri of lítill, og að hann hafi ekki fengið nýjan enn.

Í 18. gr. reglugerðar KLÍ um keilumót segir:

„Búningar.

Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Karlar skulu vera í síðbuxum af sama lit og sömu gerð, en konur mega vera í síðbuxum, pilsum eða stuttbuxnadressi af sama lit og sömu gerð.

Dómari skal veita hverjum þeim leikmanni áminningu sem ekki fylgir þessu ákvæði.

Í A-mótum, sem og öllum mótum sem sjónvarpað er frá, er óheimilt að leika í gallabuxum. Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast, getur mótstjóri/dómari bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því.“

Í 7. gr. reglugerðar KLÍ um aganefnd KLÍ segir:

„Ef leikmenn liðs leika ekki allir í eins búningum, eins og kveðið er á um í reglugerð um keilumót, er aganefnd heimilt að dæma félagið í allt að 5.000 kr. sekt.“

Úrskurðarorð

ÍR-Gaurar greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 2.500 kr.

Bragi Már Bragason, formaður aganefndar
Ólafur Páll Vignisson